

Samantekt um áfrýjunarnefndir í stjórn-sýslunni og skipan þeirra Samgönguráðuneyti, ágúst 08

Yfirlit yfir skipun nefndarmanna í áfrýjunarnefndir og sjálfstæðar stjórn-sýslunefndir

1. Ákvæði stjórn-sýslulaga:

32. gr. Þegar skipað er í stjórn-sýslunefnd, sem tekur ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, skal ávallt skipa aðalmenn og jafnmarga varamenn samtímis. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

2. Stutt samantekt um skipun nefndarmanna:¹

Heildarfjöldi nefnda sem endurskoða stjórnvaldsákvarðanir: 31

Ráðherra skipar alla nefndarmenn án tilnefningar: 16

Ráðherra skipar hluta nefndarmanna án tilnefningar: 11

Ráðherra skipar hluta nefndarinnar samkvæmt tilnefningu hagsmunaaðila: 9

Ráðherra skipar hluta nefndarinnar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar²: 3

Ráðherra skipar formann nefndarinnar samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar: 7

Ráðherra skipar alla nefndina úr hópi manna tilnefndum af Hæstarétti: 1

Ráðherra skipar alla nefndina samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar: 4

3. Nefndir sem endurskoða stjórnvaldsákvarðanir í stjórn-sýslunni og lagastoð um hvernig skipan þeirra skal háttáð

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

15. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 forsætisráðherra skipar þrjú menn í úrskurðarnefnd um upplýsingamál til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Tveir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar en hinn varaformaður. Nefndarmenn mega ekki vera fastráðnir starfsmenn í Stjórnarráði Íslands.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Lög um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003

13. gr. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara, allir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara.

Gærumatsnefnd

Lög um flokkun og mat á gæru og ull nr. 57/1990

6. gr. um yfirmat á gæru og ull

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna gærumatsnefnd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi sláturleyfishafa, annar af gærukaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

¹ Athugið að í vissum tilvikum fellur skipun sömu nefndarinnar undir fleiri en einn flokk sbr. Úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarna þar sem einn nefndarmaður er skipaður af ráðherra án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu hagsmunaaðila og formaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar.

² Hæstiréttur kemur með einum eða öðrum hætti að skipan í 12 áfrýjunar- eða stjórn-sýslunefndir.

Ullarmatsnefnd

Lög um flokkun og mat á gæru og ull nr. 57/1990

6. gr. um yfirmat á gæru og ull.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, annar af ullarkaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

2. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrjú menn og jafnmargir til vara, skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varamaður hans, sem jafnframt er varaformaður, skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði samkeppnis- og viðskiptamála.

Ríkistollanefnd

Tollalög nr. 88/2005

44. gr. Ríkistollanefnd fer með æðsta úrskurðarvald á stjórnarsýslustigi um ágreining í tollamálum. Í ríkistollanefnd sitja þrjú menn skipaðir af ráðherra og skal formaður nefndarinnar fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Nefndarmenn eru skipaðir til tveggja ára í senn. Við skipun í nefndina skal þess gætt að nefndarmenn séu óháðir tollyfirvöldum og hagsmunaaðilum. Tilgangurinn með stofnun nefndarinnar var sá að óháður úrskurðaraðili á stjórnarsýslustigi gæti leyst úr ágreiningsmálum tollyfirvalda og innflytjanda með skjótum hætti, en áður lá þetta úrskurðarvald í fjármálaráðuneytinu.

Úrskurðarnefnd um viðlagatryggingu

19. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands nr. 55/1992

viðskiptaráðherra fjögurra manna úrskurðarnefnd sem úrskurðar um ágreining um ákvarðanir stjórnar Viðlagatryggingar Íslands. Skal Hæstiréttur tilnefna einn fulltrúa sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn eru tilnefndir af Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands og af viðskiptaráðherra.

Úrskurðarnefnd raforkumála.

2. mgr. 30. gr. 65/2003 Raforkulög

Í nefndinni sitja þrjú menn sem skipaðir eru af iðnaðarráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár

Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar

Lög um vörumerki nr. 45/1997

63. gr. Ákvörðunum og úrskurðum Einkaleyfastofunnar samkvæmt lögum þessum geta aðilar máls áfrýjað til áfrýjunarnefndar innan tveggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun var tekin. Innan sama frests skal greiða áfrýjunargjald. Berist greiðsla ekki innan tilskilins frests skal vísa áfrýjuninni frá.

Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd, er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum. Ráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur með

sérþekkingu á hugverkarétti. Aðra nefndarmenn skipar ráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum

Kærunefnd útboðsmála

Lög um opinber útboð nr. 84/2007

91. gr. *Hlutverk og skipan* kærunefndar útboðsmála.

□Í kærunefnd útboðsmála eiga sæti þrjú menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum laga til að gegna embætti héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn skulu hafa alhliða reynslu og þekkingu á viðskiptum. Nefndarmenn skulu vera óháðir hagsmunum ríkis eða annarra opinberra aðila. Við skipan nefndarinnar skal ráðherra hafa samráð við helstu samtök sem hafa hagsmuna að gæta við framkvæmd laganna.

Yfirskattanefnd

lög nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með áorðnum breytingum

9. gr. Í yfirskattanefnd skulu sitja sex menn sem skipaðir skulu til sex ára í senn og skulu fjórir nefndarmannanna hafa starfið að aðalstarfi. Skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett eru í 86. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt um embættisgengi skattstjóra. Fjármálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þeirra nefndarmanna sem hafa starfið að aðalstarfi. Báðir skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Ætíð skal annaðhvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn hvers máls.

Úrskurðarnefnd um tæknifrjógung

Lög nr. 55/1996 um tæknifrjógung

3. mgr. 3. gr. Læknir ákveður hvort tæknifrjógung fer fram. Synjun má kæra til landlæknis sem sendir kærana tafarlaust til meðferðar sérstakrar nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrjú fulltrúar og jafnmargir til vara, einn lögfræðingur, einn læknir og einn félagsráðgjafi. Ákvörðun nefndarinnar er endanleg.

Farbannsnefnd skipa

Lög um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

24. gr. Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómarskilyrðum. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar

Lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar

2. mgr. 13. gr. Áfrýjunarnefnd er skipuð þremur löglærðum mönnum sem fullnægi almennum skilyrðum til þess að vera skipaðir hæstaréttardómarar og sé einn þeirra formaður. Skulu þeir allir skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Áfrýjunarnefnd neytendamála

4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, nr. 62/2005.

Þrjú menn og jafn margir til vara, skipaðir af viðskiptaráðherra. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Yfirmatsnefnd samkvæmt ábúðarlögum

Ábúðarlög nr. 80/2004

2. mgr. 44. gr. Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirmatsnefnd fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Fornleifanefnd

Þjóðminjalög nr. 107/2001

2. mgr. 7. gr. Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fjögurra ára í senn. Félög fornleifafræðinga tilnefna tvo fulltrúa og þrjú fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar. Skal a.m.k. einn þeirra vera með próf í fornleifafræði og annar með embættispróf í lögfræði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Úrskurðarnefnd um áfengismál

Áfengislög nr. 75/1998

30. gr. Dómsmálaráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd um áfengismál til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af ríkislögreglustjóra og einn af félagsmálaráðherra sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Úrskurðarnefnd siglingamála.

13. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001
 Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands samkvæmt lögum þessum má kæra til úrskurðarnefndar siglingamála.

Í úrskurðarnefnd siglingamála sitja þrjú menn skipaðir af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður skulu fullnægja almennum skilyrðum um hæfi héraðsdómara. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á skipstjórn og vélstjórn. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema

Lög um háskóla nr. 63/2006

20. gr. Menntamálaráðherra skipar áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema sem í eiga sæti þrjú menn skipaðir til tveggja ára í senn; einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum háskólanema og einn skipaður án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Málskotsnefnd lánasjóðs íslenskra námsmanna

Lög um lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992

[5. gr. a. Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, sbr. 5. gr., til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

8. gr. Í nefndinni eiga sæti fimm menn. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmann án tilnefningar og skal hann vera forstöðumaður úrskurðarnefndar og jafnframt formaður nefndarinnar. Hæstiréttur tilnefnir fjóra nefndarmenn og skal einn þeirra hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála, annar í lögfræði, þriðji á sviði umhverfismála og fjórði á sviði byggingarmála. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn. Ekki skal þó skipa varamann formanns heldur skal nefndin tilnefna varaformann úr hópi nefndarmanna.

Úrskurðarnefnd hollustuhátta- og mengunarvarna

31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir

Í nefndinni skulu eiga sæti þrjú lögfræðingar sem uppfylla skulu starfsgengisskilyrði héraðsdómara, formaður tilnefndur af Hæstarétti, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Kærunefnd barnaverndarmála

Barnaverndarlög nr. 80/2002

6. gr. Þrjú menn til fjögurra ára í senn. Formaður tilnefndur af hæstarétti, en aðrir nefndarmenn af félagsmálaráðherra.

Kærunefnd húsnæðismála.

Lög um húsnæðismál nr. 44/1998

41. gr. Skipan.

Félagsmálaráðherra skipar kærunefnd húsnæðismála til þriggja ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að skera úr ágreiningsmálum er kunna að rísa vegna ákvarðana stjórnar Íbúðalánasjóðs og húsnæðisnefnda

Kærunefnd jafnréttismála

5. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008,

félags- og tryggingamálaráðherra skipi samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjú fulltrúa í kærunefnd jafnréttismála til þriggja ára í senn. Þeir skuli allir vera lögfræðingar og a.m.k. einn þeirra hafa sérþekkingu á jafnréttismálum. Formaður og varaformaður skuli uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Varamenn séu skipaðir með sama hætti.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga

7. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt lögum þessum leggur sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurð á málið. Ráðherra skipar þrjú menn í nefndina og jafnmarga til vara til sex ára í senn. Hæstiréttur tilnefnir tvo menn. Skal annar þeirra uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og vera formaður nefndarinnar en hinn skal vera læknir og varaformaður hennar. Einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála

5. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála og jafnmarga til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn og skal einn skipaður án

tilnefningar. Hæstiréttur tilnefnir tvo og skal annar þeirra uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara og vera formaður nefndarinnar en hinn skal vera læknir og varaformaður hennar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu sveitarfélaga

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

65. gr.]Úrskurðarnefnd félagsþjónustu er skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur skipar oddamann nefndarinnar og varamann hans og skulu þeir hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Félagsmálaráðherra skipar einn mann og sama gildir um Samband íslenskra sveitarfélaga.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða

11. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 54/2006

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða og jafnmarga til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir allir vera skipaðir án tilnefningar. Félagsmálaráðherra ákveður hver skal vera formaður nefndarinnar og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla skilyrði til þess að vera skipaðir héraðsdómarar.

Yfirfasteignamatsnefnd

Lög um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001

33. gr. Yfirmat fasteigna annast yfirfasteignamatsnefnd fyrir landið allt. Nefndina skipar fjármálaráðherra þremur mönnum og þremur til vara úr hópi tíu manna, sem Hæstiréttur tilnefnir. Skipunartími nefndarinnar skal vera frá 15. maí til jafnlengdar að þremur árum liðnum.

Úrskurðarnefnd samkvæmt 28. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingu

Lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingu

28. gr. Rísi ágreiningur um hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, skal málinu tafarlaust vísað til landlæknis og skal hann tafarlaust leggja málið undir úrskurð nefndar, sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, einn læknir, einn lögfræðingur og einn félagsráðgjafi og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4ra ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.